

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Kvosin.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. maí 2015, breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar. Í tillögunni felst breyting á skilmálum vegna gistiþjónustu á deiliskipulagssvæðinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Brautarholt 7.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. maí 2015, breytingu á deiliskipulagi Rauðarárhólts vegna lóðarinnar nr. 7 við Brautarholt. Í breytingunni felst fjölgun íbúða í allt að 102 ásamt fjölgun bílastæða úr 18 í 19. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Grettisgata 9A og 9B.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. apríl 2015, breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2 vegna lóðanna nr. 9A og 9B við Grettisgötu. Í breytingunni felst að skilgreindar eru tvær lóðir fyrir flutningshús á borgarlandi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 10. júní 2015.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 25. júní 2015